

Flóahreppur
Þingborg
801 Selfossi

Reykjavík, 31.10.2018

Tilvísun ÞÍ: 2018103278/5.13.13

Tilvísun sendanda:

Þjóðskrá Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 54/1962 um þjóðskrá og almannaskráningu og annast almannaskráningu hér á landi skv. 1. gr. laganna. Er það þannig á meðal hlutverka stofnunarinnar að sjá til þess að lögheimili einstaklinga sé rétt skráð eftir því sem lög um lögheimili nr. 21/1990 mæla fyrir um.

Á næstu mánuðum mun Þjóðskrá Íslands vinna að og ljúka skráningu lögheimilis niður á íbúðir. Verkefnið er í forgangi hjá stofnuninni og á skráningu að vera lokið við árslok 2018. Til þess að hægt sé að skrá lögheimili niður á íbúðir þarf að leysa úr misræmi milli fasteignarskrár og húsaskrár í þjóðskrá. Stofnunin hefur leiðrétt þau misræmi sem hægt var, sbr. 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 6/2001 um skráningu og mat fasteigna. Óskað er eftir að sveitarfélagið taki ákvörðun um rétta skráningu þeirra fasteigna sem eru í fylgiskjali með bréfi þessu. Með vísan til 12. gr. laga nr. 6/2001 skulu allar fasteignir bera heiti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 577/2017 um skráningu staðfanga ber sveitarfélag ábyrgð á að Þjóðskrá Íslands berist upplýsingar um staðföng í sveitarfélaginu. Jafnframt getur Þjóðskrá Íslands skv. 4. gr. reglugerðarinnar, látið endurskoða upplýsingar sem fyrir liggja um einstök staðföng, hvenær sem þörf er talin á. Slík endurskoðun skal gerð ef sýnt er fram á að upplýsingar gefa ekki rétta lýsingu á því staðfangi sem um ræðir.

Óskað er eftir að ákvörðun sveitarfélagsins berist innan 30 daga frá dagsetningu þessa bréfs. Berist ákvörðun sveitarfélags ekki til Þjóðskrár Íslands innan tilskilins frests, áskilur stofnunin sér rétt til að leiðrétta misræmi skráninga til samræmis við 2. mgr. 1. gr. laga nr. 6/2001. Sé óskað eftir frekari upplýsingum má senda tölvupóst á mis@skra.is

Berist athugasemdir frá málsaðilum, öðrum en sveitarfélaginu, um leiðréttingu til samræmis við fasteignaskrá mun Þjóðskrá Íslands vísa erindinu til viðkomandi sveitarfélags.

Vinsamlegast athugið að í því misræmi sem tilgreint er í lista með þessu bréfi þarf að uppfæra staðfangaskráningu, sbr. 14. og 16. gr. reglugerðar nr. 577/2017 um skráningu staðfanga. Það gæti þurft að bæta við staðfangi ef tvö eða fleiri hús eru skráð á eitt staðfang. Jafnframt gæti þurft að aðgreina skráningar með sama heiti í sveitarfélagi en slíkt getur verið villandi, meðal annars fyrir viðbragðsaðila.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Birta A-Bjarnadóttir
Birta Austmann Bjarnadóttir

Fylgiskjal 1

Vinsamlegast takið afstöðu til eftirfarandi misræmis í skráningu:

Húsaskrá	Fasteignaskrá
Krókur (Gaulvbhr.)	Krókur
Stóru-Reykir	Stóru-Reykir lóð
Ferjunes 1	Ferjunes 2 land
Lómatjörn	Gegnishólapartur lóð 4
Tindar	Laugardætur lóð
Hallandi	Hallandi lóð
Hólmasel	Hólmasel land
Krókur (Villingahhr.)	Krókur

Fimm einstaklingar eru skráðir í húsaskrá með lögheimili að Stóra-Ármót 2, hinsvegar finnst ekkert í Fasteignaskrá með það heiti. Þá er heimilisfangið ekki tengt við staðfang. Við hvaða staðfang á heimilisfangið að vera tengt?

Tveir einstaklingar eru skráðir í húsaskrá með lögheimili að Hryggur 3, hinsvegar finnst ekkert í Fasteignaskrá með það heiti. Þá er heimilisfangið ekki tengt við staðfang. Við hvaða staðfang á heimilisfangið að vera tengt?

Eftirfarandi skráningar hafa verið leiðréttar og íbúar og þinglýstir eigendur hafa verið upplýstir.

Skráning var	Núverandi skráning
Hryggur 1	Hryggur
Laugardælir 3	Laugardætur
Langholt 1B	Langholt 1
Miklholtshellir	Miklaholtshellir
Grund 2	Grund
Syðri-Gróf	Syðri-Gróf 1
Villingaholt 1	Villingaholt
Glóra 2	Glóra land
Laugardælir 1	Laugardætur lóð
Orustudalur	Orrustudalur
Tún 2	Tún lóð
Reykjasel	Reykjasel lóð
Brúnastaðir 2	Brúnastaðir lóð
Skúfslækur 2	Skúfslækur land
Skálatjörn	Skálatjörn lóð
Forsæti 1	Forsæti 1 lóð
Ölvisholt 2	Ölvisholt 2 lóð
Stóra-Ármót	Stóra-Ármót lóð

Þingborg	Þingborg lóð 4
Gerðar	Gerðar 1
Vorsabær 1	Vorsabær lóð 1
Fljótshólar 4	Fljótshólar 1